

Ískrá er sérsniðið sjúkraskrárkerfi til notkunar við skráningu í **heilsuvernd skólabarna**. Markmið þess er að hafa samræmda skráningu í heilsuvernd skólabarna á landinu og ná út gagnlegum tölum.

Ískrá er hönnuð og þróuð innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) og hefur verið notuð í öllum skólum á svæði stofnunarinnar frá árinu 2003. Árið 2012 byrjuðu heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni að skrá í kerfið og voru þær allar endanlega komnar inn árið 2013.

Í Ískrá eru skráðar upplýsingar um nemendur, heilsufarsleg vandamál þeirra, samskipti þeirra og forráðamanna við starfsfólk í heilsuvernd skólabarna (HVSb), forvarnir og fræðslu sem starfsfólk HVSb lætur nemendum í té. Ískrá er einnig notuð til að halda utan um reglubundið eftirlit, fræðslu, forvarnir og skimanir sem starfsfólk HVSb sinnir í skólum fyrir starfsfólk í heilsuvernd skólabarna.

Við hönnun Ískrár var haft að leiðarljósi að hún yrði einföld í notkun og aðlöguð skólaumhverfinu. Þetta hefur tekist með því að nýta upplýsingar úr nemendaskrá skólanna. Einnig hefur verið lögð áhersla á að notandinn hafi góða yfirsýn yfir bekki og árganga og stöðu vinnunnar á hverjum tíma, ásamt því að hafa góða yfirsýn yfir einstaklinginn og aðstæður hans.

Til að opna Ískrá er tvísmellt á Ískrármerkið á skjáborðinu.



Uppbygging Ískrár

- Ískrá byggir á bekknum sem grunneiningu og raðar nemendum upp í bekki.
- Í “Bekkjarskrá” er yfirlit yfir allar reglubundnar skoðanir, fræðslu og skimanir sem framkvæmdar eru í heilsuvernd skólabarna í samræmi við lög, reglugerðir og tilmæli frá Embætti landlæknis sem í gildi eru á hverjum tíma. Úr bekkjarskránni eru þessi samskipti skáð með einföldum og fljótlegum hætti.
- Úr bekkjarskrá er farið í heilsufarsskrá hvers nemanda eftir þörfum. Hluti af bekkjarskrá er einskonar minnisbók fyrir notandann þar sem hann getur skráð minnisatriði og athugasemdir bæði um einstaka nemendur eða bekkinn í heild.
- Heilsufarsskrá inniheldur öll gögn sem tilheyra tilteknum nemanda. Þar er yfirlit yfir allar reglubundnar skoðanir, ónæmisaðgerðir eða önnur samskipti nemandans við heilsuvernd skólabarna.